

Snjóflóðasetur Flateyrar

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Eyþór Jóvinsson <jovinsson@gmail.com>
CC : Birgir Gunnarsson
Heiti : Snjóflóðasetur Flateyrar
Málsnúmer : 2020080056
Málsaðili : Eyþór Jóvinsson
Skráð dags : 27.08.2020 19:14:24
Höfundur : Eyþór Jóvinsson <jovinsson@gmail.com>

Viðhengi [ATT00001.cATT00001.c](#)

[Snjóflóðasetur Flateyrar - agust2020.pdf](#)[Snjóflóðasetur Flateyrar - agust2020.pdf](#)

Góðan dag.

Erindi til Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Ósk um afnot af Svarta Pakkhúsinu á Flateyri undir Snjóflóðasetur Flateyrar.

Ég er í forsvari fyrir hóp sem er að vinna að fræðslu- og sýningu um Snjóflóðasögu Flateyrar. Nú er komið að þeim tímapunkti í verkefninu að við þurfum að tryggja okkur hentugt húsnæði undir starfseminu, sem áætlað er að opna næsta sumar. Eftir að hafa skoðað nokkra kosti á Flateyri teljum við Svarta Pakkhúsið á Flateyri vera fullkomið fyrir væntanlega starfsemi, bæði hvað varðar stærð og staðsetningu.

Með rekstri Snjóflóðaseturs Flateyrar í Svarta Pakkhúsinu samhliða Gömlu Bókabúðinni verður hægt að halda úti starfsemi þeirra beggja allt árið um kring, en eitt og sér myndi hvorug starfsemin geta borið sig á ársgrundvelli. Því er það lykilatrið fyrir verkefnið að Svarta Pakkhúsið fái undir Snjóflóðasetur Flateyrar.

Svarta Pakkhúsið á Flateyri hefur verið byggt upp af myndarskap og því mikilvægt að starfsemi hússins nýtist Flateyri sem best með öflugri og viðeigandi framtíðarstarfsemi. - Það er ljóst að snjóflóðasetur Flateyrar mun verða mikil lyftistöng fyrir samfélagið og styrkja heilsársferðajónustu á Flateyri og öllum Vestfjörðum. Ferðamenn eru þyrstir í fróðleik um snjóflóðin á Flateyri og snjóflóð almennt, en í dag er hvergi hægt að nálgast upplýsingar um snjóflóðin á Flateyri. Þá mun setrið stuðla að öruggari vetrarferðajónustu um vestfirsk fjöll.

Frekari hugmyndir og upplýsingar um Snjóflóðasetur Flateyrar má nálgast í meðfylgjandi viðhengi.

Hikið ekki við að hafa samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Með von um jákvæð svör.

Eyþór Jóvinsson